

Mánudaginn 19. febrúar 1962.

Nr. 120/1961. **Almenna byggingafélagið h/f**

(Agnar Gústafsson hdl.)

gegn

Steindóri Sigursteinssyni

(Guðjón Steingrímsson hdl.)

og

Jarðborunum ríkisins

(Kristján Eiríksson hdl.)

og

Jarðboranir ríkisins

gegn

Steindóri Sigursteinssyni og

Almenna byggingafélaginu h/f

og

Steindór Sigursteinsson

gegn

Jarðborunum ríkisins,

Almenna byggingafélaginu h/f og

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f

(Agnar Gústafsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Almenna byggingafélagið h/f, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1961 og gerir þessar dómkröfur:

1. Í aðalsök í héraði, aðallega að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar og gagnáfrýjanda Steindóri dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að dæmdar skaðabætur verði færðar niður til mikilla muna og málskostnaður felldur niður.

2. Í gagnsök í héraði, að gagnáfrýjendum, Steindóri Sigursteinssyni og Jarðborunum ríkisins, verði dæmt að greiða

honum in solidum kr. 45.211.03 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. október 1961, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. s. m. og gert þessar dómkröfur:

1. Í aðalsök í héraði, aðallega, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar og gagnáfrýjanda Steindóri verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um efni aðalsakar og málskostnaður felldur niður.

2. Í gagnsök í héraði, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um efni þessarar sakar og aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélaginu h/f, verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Steindór Sigursteinsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. nóvember 1961, skotið máli þessu til Hæstaréttar s. d. og gert þessar dómkröfur:

1. Í aðalsök í héraði, að aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélaginu h/f, gagnáfrýjanda Jarðborunum ríkisins og stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 25.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Í gagnsök í héraði, að honum verði dæmd sýkna og

3. Að aðaláfrýjanda, gagnáfrýjanda Jarðborunum ríkisins og stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar fyrir Hæstarétti.

I. Aðalsök í héraði.

Svo sem rækilega er rakið í héraðsdómi, flutti gagn-

áfrýjandi Steindór Sigursteinsson hinn 28. nóvember 1958 skúr á vörubifreið sinni, X 5, fyrir gagnáfrýjanda Jarðboranir ríkisins frá Hveragerði til Reykjavíkur, og var lyfta frá aðaláfrýjanda fengin til að taka skúrinn af vörubílnum á borsvæði gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins milli Brautarholts og Skipholts. Nefndri lyftu hafði verið komið fyrir á bifreiðinni R 8265. Í lyftunni var sérstakur benzinhreyfill, er sneri rafali, en rafallinn var sambyggður rafhreyfli, sem knúði lyftuna og stjórnaði hreyfingum hennar. Sérstakur maður stjórnaði bifreiðinni og annar maður lyftunni. Þá er lyfta skyldi skúrnum af vörubifreiðinni X 5, var bifreiðin R 8265 kyrrstæð og vél hennar eigi í gangi. Var hún því einungis notuð sem undirstaða lyftunnar. Stóð bifreiðin á rauðamöl, sem nýlega hafði verið borin á svæðið. Undir rauðamölinni var leirkennd for, en klappir komu víða upp. Starfsmenn gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins, átta að tölu, voru til aðstoðar við afferminguna undir forustu verkstjóra. Lyftubíllinn var fyrst staðsettur aftarlega hægra megin við bifreiðina X 5, og voru framhjól lyftubílsins uppi á vegarbrún. Þá er lyftustjórinn hafði lyft skúrnum nokkuð, gaf verkstjórinn að beiðni lyftustjórans gagnáfrýjanda Steindóri merki um að aka bifreiðinni X 5 undan skúrnum, en í sömu svifum og bifreiðinni var ekið af stað, lét lyftustjórinn skúrinn falla niður á pall X 5 aftur, að hans sögn vegna ótraustrar undirstöðu undir lyftubílnum. Eftir fallið stóð skúrinn mikið aftur af pallinum og út af hlið hans hægra megin, svo að hann nam allt að því við jörðu. Við þetta kom mikil sveigja á bílpallinn og bílgrindina. Lyftubílnum var nú ekið til og hann staðsettur þannig, að lyftan var vinstra megin við bifreiðina X 5, sem eigi hafði verið hreyfð. Gerði lyftustjórinn því næst aðra tilraun til að lyfta skúrnum af X 5. Þá er skúrinn hafði lyfzt lítið eitt frá pallinum, varð lyftustjórinn að hvíla rafhreyfil þann, er sneri vindu lyftunnar, en í sömu svifum hrópaði einhver viðstaddur til gagnáfrýjanda Steindórs að aka undan skúrnum, og hlýddi Steindór því. Þegar nú bifreiðin X 5 hafði hreyfzt rétt úr stað, skelltist skúrinn af nýju niður á pall

hennar. Lyftustjórinn skýrir svo frá, að bifreiðin X 5 hafi lyfzt upp úr hjólförum sínum í rauðamölinni, er henni var ekið af stað, Við það hafi pallur hennar numið við skúrinn og sett hliðarsveiflu á hann, er valdið hafi því, að festing hafi brotnað í lyftustönginni, og hafi lyftan þá orðið óvirk, raftaugar hennar slitnað og rafkerfi hennar ónýtt. Eftir þetta síðara fall lá skúrinn enn lengra en áður út af hægra horni bílpallsins og nam svo að segja við jörðu, og vindur á bílgrindinni jókst stórlega og svo vatzt bílpallurinn og brákaðist. Varð nú að taka jarðýtu í notkun til að rétta skúrinn og halda við hann, meðan honum var velt af bilnum. Við það brotnuðu tvö borð í bílpallinum.

Álykta verður af atvikum málsins, að lyftustjórinn hafi eigi staðsett bifreiðirnar nægilega örugglega, miðað við jarðvegsundirstöðu. Þá verður að ætla, að lyftan hafi eigi verið nægilega öflug til að inna af hendi hlutverk sitt við þær aðstæður, sem þarna voru. Loks hafði lyftustjórinn eigi fullkomin stjórn tök á lyftunni, eins og á stóð, en hann átti að vita bezt þeirra manna, sem við afferminguna voru, hvað bjóða mátti lyftunni. Hann hafði sjálfstæða stjórn á lyftunni og vann verk sitt á áhættu sjálfs sín og starfsherra síns, aðaláfrýjanda. Verður því að leggja aðalábyrgðina á tjóni því, sem hlaut af hinni misheppnuðu affermingu skúrsins, á aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins hafði þarna við afferminguna, svo sem sagt var, átta manna sveit með verkstjóra í fararbroddi. Bar sveit þessari m. a. að annast um, að örugg verkaskipting væri við höfð við afferminguna og að rétt boð væru flutt milli lyftustjóra og gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar, sem sat við stýri X 5. Rétt boð bárust um munn verkstjórans við fyrri lyftitilraunina. Við seinni lyftinguna var kallað til gagnáfrýjanda Steindórs að aka undan skúrnum, án þess að lyftustjóri hefði gefið um það merki. Þessi mistök hefðu eigi orðið, ef starfsmenn gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins hefðu skipulagt starf sitt, svo sem þeim bar. Verður því að leggja ábyrgð nokkra á starfsherra þeirra.

Gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni verður eigi legið á hálsi, þótt hann treysti því, að verkstjóri gagnáfrýjanda Jarðborana ríkisins og sveit hans önnuðust um að flytja honum rétt boð um það, hvenær hann ætti að aka undan skúrnum. Ber því eigi að leggja á hann ábyrgð á mistökunum.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að dæma aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélagið h/f, og gagnáfrýjanda Jarðboranir ríkisins til að greiða in solidum gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni skaðabætur, sem þykja hæfilega metnar í héraðsdómi kr. 22.038.32, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er litið er til þess, að bifreiðin R 8265 var einungis notuð sem undirstaða undir lyftuna, án þess vél hennar væri í gangi, er atvik máls þessa gerðust, verður eigi talið, að skaðinn hafi hlotizt af henni í notkun, sbr. 67. og 68. gr. laga nr. 26/1958, og ber því að sýkna stefnda, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, af kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar í málinu.

II. Gagnsök í héraði.

Svo sem greint hefur verið, varð lyfta aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélagsins h/f, fyrir allmiklum skemmdum við affermingu skúrsins. Aðaláfrýjandi reiknar tjón sitt þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 22.971.03
2. Tjón af afnotamissi	— 22.240.00

Alls kr. 45.211.03

Sækir aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda Steindór Sigursteinsson og gagnáfrýjanda Jarðboranir ríkisins til greiðslu þessarar fjárhæðar in solidum.

1. Með skírskotun til raka þeirra, sem talin eru undir I að ofan, er rætt var um aðalsök í héraði, ber að sýkna gagnáfrýjanda Steindór Sigursteinsson af kröfum aðaláfrýjanda.

2. Með tilvísun til rökstuðnings undir I að ofan um aðal-sök í héraði þykir ábyrgð gagnáfrýjanda Jarðborana ríkis-ins á tjóni aðaláfrýjanda hæfilega metin 20% af kr. 45.211.03, þ. e. kr. 9042.20, enda hefur bótakröfu aðaláfrýjanda eigi verið hnekkð tölulega. Ber að dæma gagnáfrýjanda Jarð-boranir ríkisins til að greiða aðaláfrýjanda fjárhæð þessa ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags.

III. Málskostnaður.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að aðaláfrýjandi, Almenna byggingafélagið h/f, og gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði in solidum gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Rétt telst og, að gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélaginu h/f, málskostnaði í gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Að öðru leyti ber að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Steindór Sigursteinsson á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Almenna byggingafélagsins h/f, í málinu.

Stefndi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Steindórs Sigursteinssonar í málinu.

Aðaláfrýjandi, Almenna byggingafélagið h/f, og gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði gagnáfrýjanda Steindóri Sigursteinssyni in solidum kr. 22.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Gagnáfrýjandi Jarðboranir ríkisins greiði aðaláfrýj-

anda, Almenna byggingafélaginu h/f, kr. 9042.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Málskostnaður fellur niður að öðru en sagt var.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur Steindór Sigursteinsson bifreiðarstjóri, Austurvegi 27, Selfossi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. marz 1960, gegn Almenna byggingafélaginu h/f hér í bæ, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ og Jarðborunum ríkisins til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 25.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 10% ársvöxtum til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Tryggingu h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu, en Jarðboranir ríkisins eru ábyrgðartryggðar hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefndi Almenna byggingafélagið h/f hefur aðallega krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómarans, til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefur krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi Jarðboranir ríkisins hefur krafizt þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 25. apríl 1960, höfðaði Almenna byggingafélagið h/f gagnsök á hendur stefnanda, Steindóri Sigursteinssyni, og meðstefnda Jarðborunum ríkisins til greiðslu skaðabóta in solidum, að upphæð kr. 45.211.03 með 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til greiðsludags. Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar í gagnsök að mati dómarans.

Gagnstefndi Steindór Sigursteinsson hefur krafizt þess að verða sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að sér verði tildæmd-

ur málskostnaður að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda í gagnsök.

Gagnstefndi Jarðboranir ríkisins hefur krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda auk málskostnaðar í gagnsök að mati dómars.

Í gagnsök hefur Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f og Tryggingu h/f verið stefnt til réttargæzlu. Á hendur réttargæzlustefndu hafa ekki verið gerðar kröfur, og þeir hafa engar kröfur gert. *Aðalsök:*

Aðalstefnandi hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá mála-vöxtum, að hinn 28. nóvember 1958 hafi hann samkvæmt beiðni yfirverkstjóra hjá Jarðborunum ríkisins tekið að sér að flytja skúr á vörubifreið sinni X 5, sem sé Chevrolet af árgæði 1955, frá Hveragerði til Reykjavíkur. Skúr þennan kveður aðalstefnandi hafa verið notaðan austur í Hveragerði við jarðboranir. Hafi hann verið allstór, svo að hann muni hafa staðið lítils háttar út af palli vörubifreiðarinnar og aftur af honum. Aðalstefnandi kveður það hafa gengið greiðlega að lyfta skúrnum upp á pall vörubílsins. Hafi bílkrani frá Almenna byggingafélaginu h/f, er þarna starfaði á vegum Jarðborana ríkisins, framkvæmt það verk.

Ferðina til Reykjavíkur segir hann hafa gengið að óskum og án tafar. Er komið var að Elliðaárbrekku, kveður hann lögreglumann á bifhjóli hafa komið á móti sér og þeir ræðzt við. Ekki kveður hann lögregluþjóninn hafa gert neina athugasemd við hleðslu bifreiðarinnar, en þar sem birtu hafi verið tekið að bregða, hafi hann fengið lögreglumanninn til að fylgja sér í bæinn til öryggis.

Er til Reykjavíkur kom, skyldi skúrinn fluttur á svæði milli Brautarholts og Skipholts, sem er borsvæði Jarðborana ríkisins. Aðalstefnandi man ekki, hvað klukkan var, er þangað kom. Al-dimmt var orðið, en svæðið var upplýst.

Haraldur Sigurðsson, verkstjóri hjá Jarðborunum ríkisins, var viðstaddur og sá um afferminguna.

Aðalstefnandi kveður svæði þetta hafa verið nýorpið rauðamöl og hafi því verið laust í sér. Hafi bifreiðin aðeins dældað ofan í mölina, en þó hafi ekki verið um neitt sig að ræða, enda hafi bifreiðin verið á tvöföldum afturhjólum.

Stroffur þær, sem skúrnum var lyft í austur í Hveragerði, kveður aðalstefnandi enn hafa verið á skúrnum, og umbúnaður hafi verið eins við affermingu og þegar skúrnum var lyft á bíl-inn fyrir austan.

Kranabíll frá Almenna byggingafélaginu h/f var notaður til að taka skúrinn af vörubílnum. Kveður aðalstefnandi krana-

bílinn munu hafa staðið aftarlega við bíl sinn, hægra megin, og hafi framhjól kranabílsins verið uppi á vegarbrúninni. Hafi afturhluti kranabílsins því staðið lægra og gálgi kranans hafi vitað beint aftur af honum.

Er krækt hafði verið í stroffurnar og stjórnandi kranans hafði lyft skúrnum nokkuð, kveður aðalstefnandi Harald verkstjóra hafa gefið sér merki um að aka undan skúrnum. Hafi hann þá ekið áfram og verið kominn um það bil eitt fet, er skúrin hafi skyndilega fallið niður á pall bifreiðarinnar aftur. Hafði kraninn þá dregið skúrinn til sín þannig, að hann stóð nú langt út af hægri hlið pallsins og hafði færzt aftur eftir honum um það bil einn metra, og hafi skúrhornið hægra megin að aftan næstum numið við jörðu. Við það hafi vinstra pallhorn að framan lyft um það bil 80—100 cm, miðað við grind bifreiðarinnar, samkvæmt ágizkun aðalstefnanda. Hafi þetta orsakað miklar skemmdir á bifreiðinni, grindin undizt til og bognað og sturtur brotnað.

Aðalstefnandi kveður kranann nú hafa verið færðan yfir að vinstri hlið bifreiðar sinnar, krækt hafi verið aftur í stroffurnar og skúrnum lyft. Kveður hann sér hafa verið gefið merki um að aka undan skúrnum, en nú hafi það ekki verið Haraldur verkstjóri, er merkið gaf, heldur einhver annar, er þar hafi verið viðstaddur, en ekki veit aðalstefnandi, hver sá maður var, enda kveðst hann ekki hafa séð mann þennan, heldur aðeins heyrt kallið. Kveður aðalstefnandi margt manna hafa verið á fyrrnefndu svæði, er skúrin hafi verið tekinn af bifreiðinni. Er aðalstefnandi ók bifreið sinni áfram í annað skiptið, kveður hann, að það hafi verið mjög svipað og í fyrra sinnið, bifreiðin hafi ekkert sigið niður í rauðamölinu. Þegar bifreiðin var komin úr stað um það bil eitt fet, kveður aðalstefnandi skúrin aftur hafa fallið niður á bílpallinn, og hafi það orsakað enn frekari skemmdir á bifreiðinni. Grindin hafi bognað meira og undizt til, einnig hafi bílpallurinn nú skemmzt. Eftir þessa misheppnuðu lyftitilraun segir aðalstefnandi kranabílinn hafa orðið óvirkan.

Skúrin hafi nú numið næstum við jörðu, hægra megin á bifreiðinni, og halli hafi verið orðinn það mikill á skúrnum, að hætta hafi leikið á því, að hann ylti.

Er hér var komið, kveður stefnandi, að horfið hafi verið að því ráði að ná skúrnum af bílpallinum með aðstoð jarðýtu, er hafi staðið þar á svæðinu. Hafi það verið gert þannig, að jarðýtan var látin styðja við skúrinn hægra megin, um leið og aðal-

stefnandi ók undan honum. Við þetta skemmdist bílpallurinn þannig, að í honum brotnuðu tvö borð.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, verkstjóri hjá Jarðborunum ríkisins, hefur skýrt svo frá, að þann 28. nóvember 1958, milli kl. 18.00 og 18.30, hafi oftnefndur skúr verið affermdur af vörubifreiðinni X 5 á framangreindu svæði. Kveðst vitnið hafa haft á hendi verkstjórn við affermingu þeirra stykkja, sem flutt hafi verið á umrætt svæði, þar á meðal nefnds skúrs.

Við fyrstu tilraun hafi skúrinn lyft alveg frá palli bílsins, og hafi kranastjórinn þá beðið sig að láta bílstjóran á X 5 aka undan, en í sömu svifum og bílnum hafi verið ekið af stað, kveður vitnið skúrinn hafa fallið aftur niður á pallinn, og hafi hann þá staðið mikið út af hægri hlið bílpallsins og aftur af honum þannig, að hann hafi næstum numið við jörðu. Við það hafi komið mikil sveigja á bílpall og grind, og segir vitnið skúrinn hafa staðið þannig, meðan kraninn hafi flutt sig að vinstri hlið vörubílsins, en vörubifreiðin hafi ekki verið færð úr stað.

Er seinni lyftitilraunin var gerð, kveðst vitnið hafa gengið fram fyrir vörubílinn, og hafi hann þá heyrt, að kallað var til bílstjóra hans að aka undan. Við það hafi skúrinn færzt aftar og lengra út af hægri horni pallsins. Nam skúrinn þá næstum við jörðu, og jókst vindingur á bílpalli og grind stórlega við það. Við þessa tilraun kveður vitnið kranann hafa orðið óvirkan, svo að nota hafi orðið jarðýtu til þess að rétta skúrinn við og halda við hann, meðan honum hafi verið sturtað af, en við það hafi tvö borð brotnað í pallinum. Vitnið kveðst hafa átt hlut í því að kalla jarðýtuna á vettvang. Ekki kveður það Jarðboranir ríkisins hafa átt jarðýtu þessa. Vitnið man ekki, hver staðið hafi fyrir því, að skúrnum var sturtað af pallinum, en það hafi þótt tiltækasta ráðið, eins og komið var málum.

Eftir affermingu kveður vitnið hafa komið í ljós, að mikill vindingur hafi verið á aðalgrind vörubifreiðarinnar, svo að pallurinn hafi ekki setið réttur.

Vitnið telur það orsök þess, að skúrinn féll niður á bílpallinn í fyrri skiptið, að kraninn hafi ekki verið nægilega öflugur til að lyfta honum, svo og það, að kraninn hafi ekki verið vel staðsettur af kranastjóranum við fyrri „hifinguna“. Vitnið veit ekki, hve þungur skúrinn var, en gizkar á, að hann hafi verið 5—7 smálestir. Hafi ýmis verkfæri verið í skúrnum, meðan á flutningnum stóð, og hafi þau ekki verið tekin úr, þegar honum var

lyft. Kveður vitnið kranastjórann engum athugasemdum hafa hreyft við því að lyfta skúrnum.

Vitnið segir, að á því svæði, er skúrin var affermdur, hafi verið búið að ýta til jarðveginum og þekja hann með ofaníburi, en undirstaðan hafi þrátt fyrir þetta verið góð. Vitnið segir bifreiðina X 5 sjálfsagt hafa sigið eitthvað í jörð, en ekki hafi þó verið nein veruleg brögg að því.

Vitnið Ólafur Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi stjórnað krana þeim, er lyfti oftnefndum skúr. Hafi það, er þetta gerðist, verið búið að starfa hjá Almenna byggingafélaginu h/f sem kranastjóri í rúmt ár, en kveðst nú vera orðinn verkstjóri hjá Jarðborunum ríkisins.

Krananum lýsir vitnið þannig, að hann sé enskur af Colis-gerð og sé settur á Diamond-bifreið. Í krananum sé sérstakur benzín-hreyfill af Ford-gerð, og snúi hann rafali, sem sé sambyggður rafmagnsmótor, sem knýi allar hreyfingar kranans. Vitnið segir, að bílstjóri á kranabílnum hafi um þessar mundir verið Þorsteinn Kristjánsson og hafi þeir tveir skipzt á að aka bifreiðinni og stjórna krananum.

Vitnið segist hafa starfað á umræddu svæði, áður en rauðamölin var borin á það. Hafi undirstaðan undir rauðamölinni verið leirkennd for, en klappir komið upp úr henni á víð og dreif. undirstaðan því verið mistraust.

Er vitnið hafði lyft skúrnum í fyrra skiptið, kveðst það hafa beðið Harald verkstjóra að láta bifreiðarstjórann á X 5 aka undan, en þá hafi það orðið vart við, að undirstaðan undir kranabílnum var ekki eins traust og skyldi. Hafi það því látið skúrinn síga aftur niður á pallinn, ef til vill aðeins hraðar en æskilegt hefði verið, og hafi þá komið mikil sveigja á grind og pall bílsins.

Kveðst vitnið hafa þurft að framkvæma „hífunguna“ í tveim atrennum, vegna þess að nauðsynlegt hafi verið að hvíla rafmagnsmótor þann, sem sneri spili kranans.

Kveður vitnið kranabílinn nú hafa verið færðan til, í því skyni að betri aðstaða skapaðist við lyftinguna.

Hafi því næst verið tekið til á nýjan leik við lyftinguna, og hafi skúrin verið orðinn laus við bílpallinn, en þá kveðst vitnið hafa orðið að hvíla rafmagnsmótorinn með því að rjúfa strauminn til hans. Hafi þá einhver af starfsmönnum Jarðborana ríkisins kallað til bílstjórans á X 5 og sagt honum að aka undan.

Ekki kveðst vitnið þó geta sagt til um það, hver sá starfsmaður hafi verið.

Þegar bifreiðinni, X 5, var ekið áfram, kveður vitnið hana hafa lyfzt við að aka upp úr hjólförum þeim, er hún hafði sigið í, meðan hlassið var á henni. Við þetta hafi pallur bifreiðarinnar rekizt upp undir skúrinn og hafi þá komið svo snögg hliðar-átak á kranabómuna, að festing hennar hafi brotnað og kraninn orðið óvirkur, þar sem rafkerti hans hafi ónýtt um leið. Við þetta hafi skúrinn fallið aftur niður á pall bílsins.

Vitnið tók fram, að á oftnefndu svæði hafi verið fyrir nokkrir starfsmenn Jarðborana ríkisins, líklega 8 menn, en auk þeirra hafi þar verið margir óviðkomandi áhorfendur. Kveðst vitnið því ekki geta sagt um það, hver hafi kallað til bílstjórans á X 5 að aka áfram.

Vitnið segir, að þarna hafi verið tveir verkamenn frá Almenna byggingafélaginu h/f. Hafi þeir unnið við lagfæringu á svæðinu. Telur vitnið víst, að menn þessir hafi engan þátt átt í því að gefa framangreint merki né því að taka skúrinn af bifreiðinni, þar eð starfsmenn Jarðborananna hafi jafnan annazt fermingu og affermingu þeirra muna, er jarðborunum fylgdi.

Vitnið telur, að lyftihæfi kranans hafi verið um 5 tonn á þeim tíma, er hér um ræðir, miðað við tvöfaldan vír, eins og þann, er notaður var við framangreinda affermingu.

Vitnið vissi ekki, hve þungur skúrinn var, og kveðst ekki hafa hreyft neinum athugasemdum við að lyfta honum, enda kveður vitnið, að sér hafi verið kunnugt um, að krani með svip- að lyftipól og krani sá, er það stjórnaði, hafi lyft skúrnum á bílinn, og hafi það því talið öruggt, að affermingin yrði sínum krana ekki ofviða.

Vitnið Þorsteinn Kristjánsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið bifreiðarstjóri framangreindrar kranabifreiðar í umrætt sinn. Kveðst vitnið hafa staðið hjá, er verið var að lyfta skúrnum af bifreiðinni X 5, og séð, hvað fram fór bæði við fyrri og síðari lyftingu. Kveðst það hafa heyrt kallað, að bifreiðinni X 5 skyldi ekið undan, en segist ekki muna, hvort þar var að verki einn eða fleiri menn. Segist vitnið ekki hafa þekkt neinn þeirra manna, er viðstaddir voru.

Við munnlegan flutning málsins sýndi lögmaður stefnda Almenna byggingafélagsins h/f bogmyndað járnstykki í réttinum. Kvað hann það hafa verið tekið úr umræddri kranabifreið og sýna lyftihæfi kranans í hinum ýmsu stellingum gálans. Járn-

stykki þetta var sett upphleyptum tölustöfum, og á því gat að líta, að hámarkslyftipól kranans væri 5 tonn.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð, dags. 22. marz 1961, undirritað af Per Krogh verkfræðingi, svohljóðandi:

„Að mínu áliti var vinnuskúr, er fluttur var frá Hveragerði til Reykjavíkur 28. nóvember 1958 á vegum Jarðborana ríkisins á bifreiðinni X 5, að þyngd með verkfærum um 5 tonn.“

Aðalstefnandi reisir stefnukröfur sínar á því, að aðalstefndu Almenna byggingafélagið h/f og Jarðboranir ríkisins beri solidaríska ábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir, þar eð rekja megi það til bilunar á kranabifreið aðalstefnda Almenna byggingafélagsins h/f eða mistaka hjá stjórnanda hennar og verkstjóra aðalstefnda Jarðborana ríkisins. Þá hefur aðalstefnandi einnig stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til solidarískrar greiðslu á stefnufjárhæðinni, og byggir hann þá kröfu sína á 74. gr., 2. mgr., umferðarlaga nr. 26 frá 1958, þar sem umrædd krana-bifreið hafi verið tryggð hjá því tryggingafélagi. Við munnlegan málflutning lækkaði aðalstefnandi vaxtakröfu sína þannig, að nú krefst hann 8% ársvaxta frá 29. desember 1960 til greiðsludags, en að öðru leyti er vaxtakrafa hans óbreytt.

Aðalstefndi Jarðboranir ríkisins byggir sýknukröfu sína á því, að eigi sé í ljós leitt, að nokkur starfsmanna hans eigi sök á tjóni því, er varð. Það sé að vísu rétt, að verkstjóri Jarðborana ríkisins, Haraldur Sigurðsson, hafi átt að leiðbeina stjórnanda kranans við affermingu skúrsins, og hafi hann gefið ökumanni bifreiðarinnar X 5 merki um að aka undan skúrnum samkvæmt beiðni kranastjórans, er kraninn hafði lyft honum, en nefndur verkstjóri hafi alls ekki hegðað sér gálauslega í þessu tilfelli og geti ekki átt sök á því, þótt stjórnandi kranabílsins hafi misst skúrinn niður á vörupall bifreiðar aðalstefnanda. Orsakir til slyssins hljóti fyrst og fremst að vera þær, að kranabifreiðin hafi eigi verið í fullkomnu lagi eða að stjórnandi hennar hafi eigi sýnt af sér fulla aðgæzlu.

Að lokum telur aðalstefndi Jarðboranir ríkisins, að 67. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958 taki af allan vafa um það, að meðstefndu Almenna byggingafélagið h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f séu einir bótaskyldir gagnvart aðalstefnanda vegna margnefnds tjóns.

Aðalstefndi Almenna byggingafélagið h/f reisir sýknukröfu sína á því, að stjórnandi kranans hafi enga sök átt á því slysi, er varð, og beri félagið því ekki fébótaábyrgð á því tjóni, er

kunni að hafa orðið á bifreiðinni X 5 af framangreindum ástæðum.

Eins og fram hafi komið í gögnum málsins, þá megi ljóst vera, að tjón það, er varð í umrætt sinn á bifreiðinni X 5, hafi eingöngu verið því að kenna, að starfsmenn meðstefnda Jarðborana ríkisins hafi gefið ökumanni bifreiðarinnar, aðalstefnanda í málinu, skipun um að aka henni áfram, þegar slíkt var óforsvaranlegt. Á slíku framferði geti Almenna byggingafélagið h/f enga sök borið, og komi því ekki til mála, að það beri fébótaábyrgð á tjóni aðalstefnanda. Er í þessu sambandi sérstaklega mótmælt sem rangri skýrslu Haralds Sigurðssonar verkstjóra hjá Jarðborunum ríkisins, þar sem hann kveður stjórnanda kransans hafa beðið sig að sjá um, að bifreiðinni X 5 væri ekið undan skúrnum.

Varakröfuna byggir þessi aðalstefndi á því, að skipta beri sök á tjóni þessu þannig, að starfsmenn hans verði aðeins taldir bera sökina að litlu leyti, en meginsökin verði talin hvíla á aðalstefnanda sjálfum og á starfsmönnum Jarðborana ríkisins.

Þá hefur aðalstefndi mótmælt reikningum aðalstefnanda sem of háum. Bendir hann í því sambandi á dskj. nr. 13, en þar sé um að ræða skoðunargerð á bifreiðinni X 5 eftir tjónið. Skoðunargerð þessi, sem er dags. 3/3 1959, er undirrituð af Arinbirni Sigurgeirssyni, umboðsmanni Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f á Selfossi, en þar fór viðgerðin fram. Hún er svohljóðandi: „Ég hef í dag samkv. ósk yðar skoðað vörubifreiðina X 5. Eftirtalдар skemmdir voru á X 5: Hægri grindarkjálki boginn fyrir framan fremri afturfjaðraklossa. Sturtugrind bogin og brotin. Brotið borð í bílpalli.“

Af þessu sé ljóst, að verk það, er framkvæmt hafi verið, sbr. viðgerðarreikninga á dskj. nr. 5, hafi verið allt of mikið, og þurfi ekki annað en líta á, hvílík kynstur af járnri hafi verið tekin út, og einnig hitt, að alveg hafi verið skipt um pall á bílnum, en slíkt hafi verið alger óþarfi, þótt eitt borð hafi brotnað.

Þá hefur aðalstefndi algerlega mótmælt því, að aðalstefnandi geti reiknað sér kr. 400.00 í bætur á dag vegna afnotamissis, þar eð slíkt sé vitanlega óhæfilega hátt gjald fyrir bifreið þessa.

Að endingu mótmælir hann 10% vaxtakröfu aðalstefnanda frá 22. febrúar 1960.

Aðalstefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f byggir sýknukröfu sína á því, að félagið beri ekki fébótaábyrgð á tjóni því, er kunni að hafa orðið á bifreiðinni X 5, þótt það sé vátrygg-

ingártaki, hvað bifreiðina R 8265 snertir, samkvæmt 70. gr. laga nr. 26/1958, þar sem hér sé um að ræða venjulega bifreið, er ekið geti á vegum, en á hana hafi síðar verið sett sjálfstæð lyfta, er gangi sem sjálfstæð vél, og hafi sitt hvor maðurinn stjórnað bifreiðinni og lyftunni.

Aðalstefndi telur að vísu heimild vera fyrir hendi til þess, að sér sé stefnt, sbr. 74. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 26/1958, en hins vegar sé ljóst af ákvæðum 6. kafla sömu laga, að váttryggingarfélög þau, sem þar um ræðir, og váttryggingartaka, sem þar greinir, sé einungis bundin við bifreiðarnar sem ökutæki. Þegar á bifreiðarnar séu fest slík tæki sem umrædd lyfta, þá geti slíkt ekki fallið undir fyrrgreinda tryggingu.

Af þessum sökum telur aðalstefndi, að þó þó yrið lítið á, að stjórnandi kranans hafi sýnt af sér sök í umrætt sinn og atvinnuveitandi hans, Almenna byggingafélagið h/f, bæri af þeim sökum fébótaábyrgð að einhverju eða öllu leyti á tjóni því, sem aðalstefnandi hafi orðið fyrir, þá komi allt að einu ekki til mála, að tryggingarfélagið sé hér bótaskyldt eða greiðsluskylt samkvæmt ákvæðum umferðarlaganna.

Aðalstefndi vitnar í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaganna, er segir, að með váttryggingunni skuli tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrökkvi, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt þeim lögum eða almennum skaðabótareglum, en þrátt fyrir þetta orðalag sé ljóst, að hér sé einungis átt við það, ef bifreiðin sem slík valdi tjóni. Hins vegar kveðst hann ekki líta svo á, að hér falli undir tjón, er verði af sérstökum tækjum, sem borin séu af bifreiðinni, sérstaklega þegar þess sé gætt, að þau ganga fyrir sjálfstæðu vélarafli og séu ekki í neinu sambandi við hreyfil bifreiðarinnar sjálfrar. Bifreiðin komi þá aðeins fram sem burðar- eða flutnings-tæki á þessari umræddu vél, sem í raun og veru sé alveg sjálfstæð.

Telur aðalstefndi því ekki geta komið til greina, að tjónþoli geti í slíkum tilfellum krafist tjón sitt bætt af váttryggingarfélaginu.

Verði ekki á þessa skoðun fallið, tekur hann undir allar varnir meðstefnda Almenna byggingafélagsins h/f hér að framan.

Þegar höfðað er einkamál gegn manni til heimtu bóta fyrir tjón, er skrásetningarskyldt ökutæki hefur valdið, sbr. 67. og 68. gr. laga nr. 26/1958, má samkvæmt 2. mgr. 74. gr. sömu laga

jafnframt höfða mál gegn váttryggingarfélagi ökutækisins, og er þá dómur í því bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gagnvart því.

Þegar virt eru ákvæði 67. og 68. gr., þykir verða að skýra þau á þá lund, að hér sé einungis átt við tjón, sem hlýzt af hinu skrásetningarskylda ökutæki sem slíku í eðlilegri notkun sem ökutæki, þ.e.a.s. á hreyfingu.

Þar sem slíku var ekki til að dreifa í því tilfelli, sem hér um ræðir, þykir verða að sýkna aðalstefnda Sjóváttryggingafélag Íslands h/f af kröfum aðalstefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stjórnandi framangreinds krana hefur viðurkennt fyrir dóminum að hafa beðið Harald Sigurðsson verkstjóra um að láta öku­mann X 5 aka undan skúrnum, eftir að honum hafði verið lyft í fyrra sinnið. Verður því ekki talið, að nefndur Haraldur eigi sök á þeim skemmdum, er urðu á bifreiðinni X 5 við hinar misheppnuðu lyftitilraunir á oftnefndum skúr, heldur eigi krana­stjórinn einn sökina vegna gálauslegrar staðsetningar kranabíls­ins við fyrri „hífunguna“ svo og af þeim sökum, að hann lét skúrinn í bæði skiptin falla of hratt niður á pall bifreiðarinnar að lokinni lyftingu, enda verður að telja stjórnanda kranans það sjálfstæðan í starfi sínu, að hann taki ekki við fyrirmælum frá verkstjóranum um það, hvernig lyftingunni sjálfri skuli hagað.

Þá ber þess og að gæta, að kraninn virðist tæpast hafa verið nægilega öflugur til að lyfta þessari byrði, sbr. ummæli kranastjórans sjálfs um það, að hann hafi orðið að hvíla rafmagns­mótorinn við lyftinguna. Hefur það einnig átt sinn þátt í því, hvernig fór.

Á hinn bóginn er það ljóst, að frekari skemmdir urðu á bifreiðinni X 5 en þær, er stöfuðu af völdum kranabifreiðarinnar, því að, þegar skúrnum var endanlega náð af bifreiðinni, brotnuðu í palli hennar tvö borð. Verður að telja Harald Sigurðsson eiga sök á því tjóni, þar sem hann hafði á hendi verkstjórn við afferminguna og bar því ábyrgð á þeim vinnubrögðum, er þar voru við höfð.

Þykir því samkvæmt meginreglum íslenzks réttar um ábyrgð atvinnuveitanda á tjóni, er starfsmenn þeirra valda á saknæman og ólög­mætan hátt, verða að leggja á aðalstefndu Almenna bygg­ingafélagið h/f og Jarðboranir ríkisins solidariska fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er aðalstefnandi varð fyrir við framangreinda

afferminngu, enda verður ekki ákveðið með öruggri vissu, hve mikla sök hvor aðili um sig á á tjóninu.

Aðalstefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður, sbr. reikninga á dskj. nr. 5, kr. 17.038.32
2. Afnotamissir í 20 daga á kr. 400.00 pr. dag, alls — 8.000.00

Um 1. lið.

Af reikningum þeim, er lagðir hafa verið fram í málinu yfir þennan lið, sést, að hvað viðgerð á bílpallinum snertir, er aðeins krafizt bóta fyrir viðgerðarkostnað þann, er af skemmdunum stafaði, það er tvö ný pallborð og kostnaður við að setja þau í.

Aðalstefnandi kveður, að allt það járn, er tekið hafi verið út til viðgerðarinnar, hafi farið innan í og utan á bílgrindina svo og í sturtarnar, enda hafi þurft að byggja sturtubitana alveg upp.

Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að aðalstefndu hafi tekizt að hnekkja viðgerðarreikningunum, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Um 2. lið.

Fallast má á það með aðalstefndu, að atvinnutjónsbætur þær, er aðalstefnandi fer fram á að fá greiddar, séu of hátt áætlaðar, enda gerir hann ráð fyrir stöðugri vinnu allt bótatímabilið, en það verður að teljast mjög hæpið að gera ráð fyrir svo stöðugri vinnu í þessari starfsgrein. Þá verður einnig að telja, að hin daglega bótaupphæð sé of hátt áætluð.

Þegar það er haft í huga, er nú hefur verið rakið, og þess er enn fremur gætt, að aðalstefnanda hefur sparazt rekstrar-útgjöld, meðan bifreiðin var í viðgerð, þykir rétt að taka þennan lið til greina með kr. 5.000.00.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndu Almenna byggingafélaginu h/f og Jarðborunum ríkisins ber að greiða aðalstefnanda in solidum kr. 22.038.32 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið við munnlegan flutning málsins, auk málskostnaðar, einnig in solidum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.500.00.

Gagnsök.

Í gagnsök hefur gagnstefnandi, Almenna byggingafélagið h/f, krafizt þess, að gagnstefndu, Steindór Sigursteinsson og Jarðboranir ríkisins, verði dæmdir til að greiða sér in solidum kr. 45.211.03 í skaðabætur vegna skemmda, er þeir hafi valdið á oftnefndum

krana, ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Gagnkröfu sína byggir gagnstefnandi á því, að hann telur gagnstefnda Steindór Sigursteinsson eiga sök á því tjóni, er varð á krananum, með því að aka bifreið sinni undan skúrnum, áður en kranastjórinn hafði gefið honum merki um, að slíkt væri óhætt, en sök gagnstefnda Jarðborana ríkisins telur gagnstefnandi aðallega fólgni á því, að starfsmenn hans skyldu gefa ökumanninum á X 5 fyrirskipanir um að aka áfram, áður en lyftustjórinn hafði leyft slíkt.

Verði ekki á þetta fallizt, þá telur gagnstefnandi þó að minnsta kosti ljóst, að umræddir menn beri að verulegum hluta ábyrgð á því tjóni, er varð á krananum.

Gagnstefnandi hefur sundurliðað tjón sitt þannig:

1. Viðgerðarkostnaður samkv. reikningum kr. 22.971.03
2. Bætur fyrir afnotamissi — 22.240.00

Hvað bætur fyrir afnotamissi varðar, tekur gagnstefnandi fram, að vegna efnisskorts hafi eigi verið unnt að ljúka viðgerðinni þegar í stað, heldur hafi orðið að bíða eftir varahlutum. Af þessum ástæðum hafi viðgerðartíminn skipzt í tvö tímabil, og sé hér reiknað með, að viðgerðin hafi tekið tvo mánuði. Gjald fyrir slíka krana, sem hér um ræðir, sé kr. 139.00, fyrir hverja klukkustund, og sé hér gert ráð fyrir, að unnar séu að jafnaði 80 stundir með tækinu á mánuði.

Gagnstefndi Steindór Sigursteinsson byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi enga sök átt á skemmdum þeim, er umrædd kranabifreið varð fyrir, er hún hafi verið notuð til að taka skúrinn af palli bifreiðar hans.

Kveðst hann ekkert hafa blandað sér í það, hvernig margnefndum skúr hafi verið lyft af bílpallinum, heldur aðeins farið eftir fyrirmælum starfsmanna gagnstefnanda og starfsmanna Jarðborana ríkisins.

Gagnstefndi Jarðboranir ríkisins byggir sýknukröfu sína á því, að gagnstefnanda hafi eigi tekizt að leiða í ljós, að tjón það, er kraninn varð fyrir í umrætt sinn, hafi orðið með þeim hætti, að starfsmenn hans eigi sök á því. Þvert á móti sé orsaka tjónsins að leita í mistökum lyftumannsins sjálfs. Hann hafi staðsett kranann illa við lyftinguna og auk þess ætlað honum of þunga byrði til að lyfta. Þá er því algerlega mótmælt, að Haraldur Sigurðsson verkstjóri hafi gefið ökumanni bifreiðarinnar X 5 merki um að aka undan skúrnum, án þess að lyftustjórinn bæði um það.

Viðurkennt er í málinu, að gagnstefndi Steindór Sigursteins-son hafi fengið fyrirmæli um að aka bifreið sinni undan skúrnum, þegar hann var kominn á loft við síðari lyftinguna. Af þessum sökum verður að telja, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að aka áfram og að þess verði ekki krafizt af honum, eins og á stóð, að hann fullvissaði sig um það sérstaklega, hvort téð fyrirmæli kæmu frá kranastjóranum sjálfum. Verður honum því ekki gefin sök á því tjóni, er varð í umrætt skipti, og ber að sýkna hann af kröfum gagnstefnanda.

Gagnstefnanda hefur ekki tekizt að sanna, að það hafi verið starfsmaður gagnstefnda Jarðborana ríkisins, er gaf ökumanni bifreiðarinnar X 5 fyrirmæli um að aka undan skúrnum í síðara sinnið. Ber því einnig að sýkna Jarðboranir ríkisins af kröfum gagnstefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök. Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f er sýkn af kröfum aðalstefnanda, Steindórs Sigursteinssonar, en málskostnaður fellur niður,

Aðalstefndu Almenna byggingafélagið h/f og Jarðboranir ríkisins greiði in solidum aðalstefnanda, Steindóri Sigursteinsyni, kr. 22.038.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, en 10% frá þeim degi til 29. desember 1960, og 8% frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í aðalsök, að fjárhæð kr. 3500.00.

Gagnstefndu, Steindór Sigursteinsson og Jarðboranir ríkisins, eiga að vera sýknir af kröfum gagnstefnanda, Almenna byggingafélagsins h/f, en málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.